

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 19. mars 2022 á Engjavegi 6 kl. 15.45

Mættir Baldur Haraldsson BS, Aðalsteinn Símonarson BÍKR og Sigurður Arnar Pálsson AIFS.

Fjarverandi Tryggvi M Þórðarson KK.

Gestir Garðar Gunnarsson AIFS, Kolbrún Vignisdóttir BÍKR

1. Reglubreytingar 2022

Farið yfir helstu breytingar, jafnt sem snúa að keppnishöldurum og keppendum.

2. Nýir flokkar

Rætt um möguleg áhrif og keppnishaldarar hvattir til að hugsa fyrir þátttöku þessara bíla þegar keppnir eru skipulagðar.

Jafnframt var óskað eftir ábendingum um líklega aðila til að koma að útfærslu reglnanna.

3. Tímatökubúnaður

Ákveðið að skilgreina þarfir og ræða við Baldvin og félag. BH tekur að sér að koma þörfunum á blað KV og SAP verða með. Einnig verður skoðað með hvort búnaður erlendis frá hentar og sé á ásættanlegu verði.

4. Fundur með keppendum

Stefnt að fundi til að fara yfir reglubreytingar o.fl. 5. maí.

5. Önnur mál

Svar hefur borist frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu þar sem því er hafnað að hægt sé á grundvelli laga og reglugerða að veita heimild fyrir 15-17 ára að aka rallybílum á sérleiðum. Ákveðið var að skoða málið nánar og fá e.t.v. lögræðiálit sem styður að gildandi lög og reglugerðir heimili þetta.

Fundi slitið kl. 16.35

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson